

10. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 og er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk til rikissjóðs, ef brot þykir gefa tilefni til.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 393 31. desember 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1976.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 15. maí 1976 að nota botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm og þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. að nota til 31. desember 1976 botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Ennfremur er heimilt til 15. maí 1977 að nota flotvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm, þó þannig að eftir 31. desember 1976 taka ákvæði 1. mgr. 1. gr. einnig til flotvörpuneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 35% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 70% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákvæðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endan-

legt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 328 21. nóvember 1973 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.